

Skólaráðsfundur

23. janúar 2023

Kl. 09:00

Mættir: Bylgja Baldursdóttir skólastjóri, Arne Kristinn og Kolbrún Ósk fulltrúar kennara, Þórunn Björk Tryggvadóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Elín Björg Gissurardóttir og Ólöf fulltrúar foreldra, Ársæll Kristinn fulltrúi almennra starfsmanna, Arthur Lúkas fulltrúi nemenda, Ásdís Elma fulltrúi nemendaráðs.

1. mál

Yfirferð á Skóladagatali 2023-2024. Bylgja fer yfir og kynnir skóladagalið. Útskýrði litaða daga. Mikil áhersla lögð á að samræma starfsdaga við leikskólann.

Skólaráð samþykkir skóladagatal fyrir skólaárið 2023-2024.

2. mál

Umbótaáætlun. Bylgja skólastjóri fór yfir hvaða umbætur er verið að vinna með í skólanum og hvað er á áætlun.

3. mál

Þróunarverkefnið virkt nemendalýðræði. Nemendaráð er virkjað til ákvörðunartöku og þátttöku m.a. voru jólastöðvar með óhefðbundnum formi á unglíngastigi.

4. mál

Foreldrafélagið. Er að byrja vinnu, óvenju seint á ferðinni en það hafa verið formannsskipti. Búið er að senda út greiðsluseðla en það fyrirkomulag hefur gagnast vel. Elísabet Kolbrún Eckard tekur við sem formaður og er að setja sig inn í hlutina. Þrír nýir meðlimir eru í stjórn félagsins. Foreldraráð ætlar að skoða að vera með fræðslu fyrir foreldra.

5. mál

Nemendaráð er að skipuleggja skíðaferð, buðu nemendum skólans upp á að smakka á þorramat sl. föstudag í tilefni bóndadagsins. Nemendaráðið mun vinna að því að gefa út skólablað fyrir páskafrí.

6. mál

Önnur mál.

- Fjölmennung auðgar, námskeið sem verður núna 31. janúar fyrir alla starfsmenn.
- Samstarfsverkefni við skóla í Póllandi sem er í skoðun.
- Skólaþing – tekin verður ákvörðun um tíma á skólaþingi á næsta fundi skólaráðs 13. mars.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 09:47 Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir ritaði fundargerð.